

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir „Mæðra- **47**
sjóð“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkju- **10. maí**
málaráðherra 10. maí 1928. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Mæðrasjóð.

Jeg undirrituð gef hjermeð 2000 — tvö þúsund — krónur til sjóðstofnunar í minningu móður minnar, húsrú Guðrúnar L. Ólafsdóttur frá Minni-Vatnsleysu, með eftirgreindum skilyrðum:

1. Sjóðurinn skal heita „Mæðrasjóður“.
2. Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóðnum og má aldrei skerða höfuðstólinn, heldur auka hann á þann hátt, er nú skal greina:
 - a. Með því að leggja árlega $\frac{1}{4}$ allra vaxta við höfuðstólinn.
 - b. Með því að leggja við höfuðstólinn gjafir, sem sjóðnum kunna að berast, og er þá sjerstaklega gert ráð fyrir að ýmsir kynnu að vilja minnast á þann hátt mæðra sinna eða annara vanda-
manna eða vina. Skulu slíkar gjafir færast í sjerstaka bók, og gjafanna getið í ársreikningnum.
3. $\frac{3}{4}$ af vöxtum sjóðsins skal halda sjer og sje þessu varið til styrktar við að koma upp eða festa kaup á samkomuhúsi fyrir Trúboðsfjelag kvenna í Reykjavík. Eftir að slík bygging er orðin skuldlaus eign fjelagsins, þó ekki síðar en eftir 20 ár, skal fyrgreindum $\frac{3}{4}$ af vöxtum sjóðsins varið til styrktar farand trúboðs á evangelísk-lútherskum grundvelli, hjer á landi eða erlendis.
4. Stjórn sjóðsins sje skipuð 3 mönnum: Dómkirkjuprestinum í Reykjavík og 2 konum, sem Trúboðsfjelag kvenna í Reykjavík kys til 5 ára í senn.
5. Leggist Trúboðsfjelag kvenna í Reykjavík niður, eða hætti að starfa í evangelísk-lútherskum grundvelli, leggjast allir vextirnir við höfuðstólinn, þar til slíkt kvennfjelag yrði stofnað á ný á sama grundvelli.
6. Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konungsstaðfestingar.

Stóru-Vatnsleysu, 30. ágúst 1927.

Elín Sæmundsdóttir.